



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

539. stjórnarfundur 12. mars 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Birgir Már Bragason, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Björg Hafsteinsdóttir.

1. Fulltrúi körfuknattleiksdeildar

Gunnlaug gjaldkeri körfuknattleiksdeildar mætti á fundinn. Einar og Garðar hafa hitt Gunnlaugu og farið yfir fjármálin. Farið var yfir stöðuna með stjórnarmönnum. Staðan er ekki góð.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

3. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Magnúsi Sigurðssyni hjá Advania vegna bókhalds- og launakerfi. Einar og Garðar ætla að skoða samninginn.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni vegna aðgangskorta á körfubolta- og knattspyrnuleiki. Einar sýndi hönnunina á kortunum.

Tölvupóstur frá Jóni Ben Einarssyni með afriti af bréfi vegna aflýsingar á Nettómótinu.

Tölvupóstur frá UMFÍ um að búið sé að opna fyrir umsóknir í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Síðasti umsóknardagur er 1. apríl.

Tölvupóstur frá UMFÍ / Ríkissaksóknara vegna skoðunar í sakaskrá.

Tölvupóstur vegna framkvæmdastjórafundar UMFÍ sem er frestað til vorfundar.

4. Send bréf

Bréf til Landsbankans í Reykjanesbæ vegna yfirdráttar körfuknattleiksdeildar.

Tölvupóstur sendur á Hafþór Barða Birgisson með upplýsingum um iðkendur úr Felix frá 2017, 2018 og 2019. Einar sendi á hann iðkendafjölda.

5. Nýr starfsmaður Keflavíkur

Sjö umsóknir hafa borist um starfið. Ráðningarferlið rætt. Viðtöl verða á næstu dögum.

6. Formanna- og gjaldkerafundur

Ákveðið var að fresta formanna- og gjaldkerafundi sem átti að vera mánudaginn 16. mars vegna COVID-19. Einar mun senda á tölvupóst um þetta með upplýsingum til stjórna deilda.

7. Önnur mál

A. Skil á starfsskýrslu til ÍSÍ er 15. apríl.

B. Fundagerðaform sem fimleikadeildin er að nota var rætt. Formið þykir mjög gott og verða aðrar deildir hvattar til að nota samskonar form.

C. Áætlaður kostnaður við gerð örmyndbanda ræddur. Einar fer í að sækja um styrki.

D. Búið er að skila skattaframtali óskattskyldra lögaðila félagsins og deilda.

E. Ákveðið var að skila inn kennitölu 17. júní nefndar Keflavíkur og Njarðvíkur.

F. Búið er að senda út reikninga vegna lóðaleigu Heiðarenda 2, 4, 6, 8.

G. Búið er að skila inn tilkynningu um raunverulega eigendur aðalstjórnar, deilda og ráða.

H. Búið er að skila inn tilkynningu um stjórn félagasamtaka fyrir félagið, deildir og ráð.

I. Keflavíkur app rætt.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 26. mars 2020

Fundi slitið kl. 20:00. Fundinn ritaði Eva Björk